



## Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Reykjavík, 29. nóvember 2021

**Varðar: Drög að stefnu um rafleiki/rafíþróttir  
Umsögn ÍSí**

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) átti fulltrúa í starfshópi mennta- og menningarmálaráðuneytis, sem hafði það hlutverk að vinna drög að stefnu um rafleiki/rafíþróttir. Á þeim tíma sem starfshópurinn starfaði lá ekki fyrir skilgreining á rafleikjum/rafíþróttum á Íslandi.

Frá því að starfshópurinn skilaði af sér lokaskýrslu til ráðuneytis og drögum að stefnu um rafleiki/rafíþróttir hefur íþróttahreyfingin í landinu hins vegar komið saman á Íþróttapingi ÍSí, sem er æðsta vald um málefni ÍSí, og samþykkt skilgreiningu á rafíþróttum.

Tekið skal fram að ÍSí hefur ekki viðurkennt neina rafíþrótt sem íþróttagrein innan sinna vébanda enda hefur engin umsókn borist um það. Engu síður var talið nauðsynlegt að íþróttahreyfingin skilgreindi hugtakið rafíþróttir þar sem allmörg íþrótta- og ungmennafélög hafa ákveðið að bjóða upp á spilun rafleikja og rafíþrótta innan sinna vébanda.

Samþykkt 75. Íþróttapings ÍSí, 9. október 2021:

*75. Íþróttaping ÍSí samþykkir að innan íþróttahreyfingarinnar verði hugtakið rafíþróttir notað um rafræna íþróttaleiki, bæði sýndaríþróttaleiki (hermileiki) og aðra íþróttaleiki **sem byggja á viðurkenndum íþróttagreinum innan íþróttahreyfingarinnar.***

*Í þeim tilfellum sem rafíþróttir eru skilgreindar innan viðkomandi alþjóðasársambanda eru það viðkomandi sársambönd ÍSí sem fara með forræði þeirra hér á landi, enda byggja þær á viðurkenndum íþróttagreinum innan ÍSí.*

*Aðilar innan vébanda ÍSí eru hvattir til að virða útgefin aldursmörk þeirra leikja sem spilaðir eru á vettvangi þeirra, auk þess að tryggja að inntak leikjanna sé í samræmi við siðareglur og gildi viðkomandi félags og þeirra samtaka sem þau tilheyra.*

Ofangreind samþykkt er byggð á yfirlýsingum frá Alþjóðaólympíunefndinni (IOC) varðandi rafíþróttir. Rafíþróttir geta falið í sér fræðslu og þjálfun í mörgum þáttum viðkomandi íþróttagreina.

Í Íþróttalögum 64/1998 eru íþróttir skilgreindar sem „hvers konar líkamlega þjálfun er stefnir að því að auka líkamlegt og andlegt atgervi, heilbrigði og hreysti“. ÍSí leggur áherslu á mikilvægi þess að staðinn sé vörður um gildi orðsins „íþróttir“ og skilgreiningu Íþróttalaga. Spilun tölvuleikja/rafleikja fellur ekki innan ofangreindrar skilgreiningar Íþróttalaganna. Með hliðsjón af samþykkt Íþróttapings ÍSí þá gerir ÍSí eftirfarandi athugasemdir við drög að stefnu um rafleiki/rafíþróttir:





Skilgreiningin á rafíþróttum, sem fram kemur í stefnudrögunum, á að mati íþróttahreyfingarinnar einungis við um rafleiki og í stefnuskjalinu þarf skilgreining íþróttahreyfingarinnar á rafíþróttum að koma fram. Einnig þarf að endurskoða allan texta í stefnuskjalinu með hliðsjón af skilgreiningu rafíþróttar og gera breytingar þar sem það á við. Kaflanum sem ber yfirskriftina *Skilgreining* þarf einnig að breyta í takt við áður nefnda samþykkt.

Markmiðin þrjú í drögunum er óljós og mætti skýra betur, bæði innihald og orðalag. Eins er ætlaður árangur fjarlægur. Varðandi framtíðarsýnina í drögunum þá er umdeilanlegt að fullyrða að spilun rafleikja/rafíþróttar, þó spiluð í félagslegu, skipulögðu og öruggu umhverfi, gefi iðkendum/spilurum þá færni og þekkingu sem þarf til að standa traustum fótum í lífi og starfi. Lítið mál er að lagfæra framtíðarsýnina þannig að hún verði raunhæfari.

ÍSí leggur mikla áherslu á mikilvægi þess að að virða útgefin aldursmörk þeirra leikja sem spilaðir eru á vettvangi íþróttahreyfingarinnar, auk þess að tryggja að inntak leikjanna sé í samræmi við siðareglur og gildi þeirra samtaka sem skipuleggjendur og iðkendur tilheyra.

Að sama skapi telur ÍSí áriðandi að tryggt verði að í öllu starfi verði unnið markvisst gegn spilunarfíkn og öðrum mögulegum neikvæðum áhrifum spilunar.


Eins er bent á mikilvægi þess að tilvísanir í kyn í stefnunni inniberi öll kyn.

Framkvæmdastjórn ÍSí hefur skipað samstarfsvettvang fyrir þau sérsambönd ÍSí sem eru með rafíþróttir, byggðar á viðurkenndum íþróttagreinum, innan sinna vébanda. Samstarfsvettvangurinn er hugsaður til að móta enn frekar farveg fyrir rafíþróttir, skv. ofangreindri skilgreiningu, innan skipulagðs íþróttastarfs, svo tryggja megir að rafíþróttir falli vel að starfsemi íþróttahreyfingarinnar.

Stefna í rafíþróttum/rafleikjum þarf að hafa þann megin tilgang að spilað sé innan regluverks sem hefur heilsutengd markmið og styrkir andlega og líkamlega heilsu sem og félagslega færni.

Íþróttar- og Ólympíusamband Íslands fylgist vel með framvindu rafíþróttar í alþjóðaumhverfi íþróttar, bæði tækifærum og áskorunum. ÍSí lýsir hér með yfir áhuga og vilja til að koma að vinnu við úrvinnslu á stefnunni.

Virðingarfyllst,  
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS

  
Lárus L. Blöndal  
forseti

  
Andri Stefánsson  
starfandi framkvæmdastjóri

